**Nd.** **93. Nefndarálit**

um frv. til laga um að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

Frá allsherjarnefnd.

Ástæður fyrir flutningi frv. þessa eru á þskj. 74. Hefir nefndin rætt frv. og athugað, hvað mælti með því og hvað móti, og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að samþykkja það. Leyfir nefndin sjer því að ráða hv. deild til að láta frv. þetta ganga fram óbreytt.

Nánar verður gerð grein fyrir málinu við framsöguna.

Alþingi, 13. mars 1922.

St. Stefánsson, form. Björn Hallsson, framsögum.

Einar Þorgilsson. Jón Þorláksson. Gunnar Sigurðsson.